

Ed.

66. Breytingartillögur

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

- I. Við 2. gr.
 - a. Orðin „á ræktuðu landi“ í 1. málslíð síðari málsgreinar falla niður.
 - b. Í stað síðara málslíðar kemur: enda sé mjólkinn seld til neytenda milli-
líðalaust.
- II. Við 5. gr.
 - a. Við 1. málslíð 1. málsgreinar bætist: sem framleidd er utan kaupstað-
arins eða kaupsinsins.
 - b. 2. málslíður 1. málsgreinar fellur niður.
 - c. 1. málslíður 3. málsgreinar fellur niður.
 - d. Á eftir greininni kemur ný grein, er verður 6. gr. og hljóðar þannig:
Á ári hverju skal fram fara læknisskoðun á öllum kúm innan kaup-
staða og kaupsinsins, og er óheimilt að selja ógerilsneydda mjólk úr öðr-
um kúm en þeim, sem eru heilbrigðar. Með reglugerð skal mæla fyrir
um hreinlæti og hollustu þeirrar mjólkur, sem seld er beint til neyt-
enda án gerilsneyðingar.
- III. Við 7. gr., sem verður 8. gr. Á eftir staflið c. kemur nýr stafliður:
 - d. Að hafa eftirlit með ákvæðum 6. gr. um læknisskoðun á kúm og gera
uppkast að reglugerð samkv. sömu grein.